

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Fundargerð 114. fundar

114. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, þann 29. febrúar 2016 kl. 15:00. Fundinn sátu Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason, Páll Stefánsson, Svava S. Steinarsdóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Suðvestur línur – bygging háspennulínu, Sandskeiðslínu 1.

Lögð fram til kynningar umsókn Landsnets um starfsleyfi dags. 20. janúar 2016 ásamt fylgibréfi Eflu verkfræðistofu og yfirlitskortu. Auk þess lögð fram starfsleyfisdrög Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir framkvæmdina. Páll og Guðmundur fóru í gegnum þær kröfur sem ráðgert er að gerðar verði til framkvæmdarinnar.

Lagt er til að loknu samráði verði heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis falið að gefa út eitt starfsleyfi með vísun til ákvæða 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir til framkvæmdarinnar fyrir lagningu háspennulínu frá Sandskeiði norðan Suðurlandsvegur að Hrauntungum sunnan Krýsuvíkurvegar.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál voru rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 16:10.